

Fimmtudaginn 8. júní 1989.

3/1989.

### Ákærvaldið

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

**Franklin Kristni Steiner**

(Sigurður Georgsson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Upptaka.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson.

Máli þessu var að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 23. desember 1988 og einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingar, en staðfestingar að því er varðar upptöku fíkniefna.

Guðjón St. Marteinnsson, fulltrúi sakadómarans í ávana- og fíkniefnamálum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Með dómi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 29. maí 1989 var ákærði dæmdur í 9 mánaða fangelsi fyrir fíkniefnabrot og til að sæta upptöku á 295,8 g af hassi og 99,9 g af amfetamíni, eftir að fíkniefni fundust í fórum hans 11. desember 1987. Hann unir þeim dómi.

### I.

Um sakarefni þessa máls var ákærði yfirheyrður fyrir dómi 27. nóvember 1986. Hann kvaðst laugardagskvöldið næsta á undan hafa hitt mann nokkurn á skemmtistað, sem boðið hafi sér til kaups 75 g af amfetamíni á 3.000,00 krónur grammið gegn greiðslu eftir nánara samkomulagi síðar. Hann kvaðst engin deili vita á manni þessum. Síðan kvaðst hann að tilvísun þessa ókunna manns hafa sótt efnið að kvöldi dags í ruslacröfu á bensínstöð án þess að hitta þar nokkurn eða greiða fyrir efnið. Efnið kvaðst hann svo hafa blandað til helminga með mjólkursykri. Hann kvaðst við móttöku þess og blöndun hafa ráðgert að selja það með hagnaði, en ekki verið búinn að skipuleggja það nánar í einstökum atriðum. Við lög-regluyfirheyrslu fyrr um daginn tók ákærði svo til orða, að maðurinn hefði fengið sér efnið til dreifingar. Er ákærði kom fyrir dóm við þingfestingu máls þessa í héraði 15. apríl 1987, kvaðst hann hafa

ætlað efnið til eigin nota, en ekki til endursölu, og tók fram, að á þeim tíma, sem hald var lagt á fíkniefnið á heimili hans 26. maí 1986, hefði hann nýlega verið kominn með efnið í hendur og á þeirri stundu enga ákvörðun tekið um dreifingu þess. Í málinu er ekkert fram komið um fíkniefnaneyslu ákærða sjálfs.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að breyttur framburður ákærða sé ekki trúverðugur og efnið hafi verið ætlað til sölu í ágóðaskyni, svo sem í ákæru greinir. Er sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem í ákæru greinir og þar er réttilega færð til refsíákvæða.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms og með hliðsjón af 70. gr., 5. og 8. tl., almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, ber að staðfesta refsíákvörðun hans að öðru leyti en því, að sektarrefsing ákveðst 40.000,00 krónur, og komi 15 daga fangelsi í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Samkvæmt þessu ber að dæma ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins svo sem greinir í dómsorði.

## II.

Hinn áfrýjaði dómur var birtur ákærða 17. september 1987. Hinn 30. september óskaði hann áfrýjunar. Dómsgerðir voru sendar ríkissaksóknara með bréfi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 22. desember 1988. Þar segir m.a.: „Dómpoli hefur dvalist lengi erlendis, en kom hingað til lands flugleiðis í morgun og var þá ætlun að birta honum þegar áfrýjunarstefnu. Kom þá í ljós að láðst hafði að senda yður nefndar dómsgerðir, en talið var að áritun um áfrýjun væri um garð gengin. Er beðist velvirðingar á þessum misskilningi.“ Þessi mistök eru ámælisverð.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Franklín Kristinn Steiner, sæti fangelsi í 20 mánuði, og komi gæsluvarðhald hans í fjóra daga til frádráttar dæmdri refsingu.

Ákærði greiði 40.000,00 krónur í sekt til ríkissjóðs og komi fangelsi í 15 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan fjögurra vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin

saksóknarlaun, í ríkissjóð, 40.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000,00 krónur.

### **Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 15. júlí 1987.**

Ár 1987, miðvikudaginn 15. júlí, er á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið er að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni ftr., kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 507/1987: Ákærvaldið gegn Franklín Kristni Steiner.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 2. apríl 1987, á hendur Franklín Kristni Steiner, fæddum 14. febrúar 1947, nú til heimilis að Lækjarási 2, Reykjavík, fyrir eftirfarandi meint brot gegn fíkniefnalöggjöf-inni: „með því að hafa 26. nóvember 1986 haft samtals 163.5 g af amfetamíni í vörslum sínum á heimili sínu, er lögregla gerði þar húsleit. en efnið hugðist ákærði selja í ágóðaskyni“.

Ofangreind meint háttsemi er í ákæruskjali talin varða við 2. gr., sbr. 5. gr., laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985.

Af hálfu ákærvaldsins er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á framan-greindu amfetamíni samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 16/1986.

Ákærði hefur sætt eftirfarandi kærum og refsingum, sbr. sakavottorð, dagsett 1.4. 1987:

[Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði tvisvar undirgengist sektargreiðslu og sætt þremur refsisdómum hér á landi og tveimur erlendis (í Danmörku og Svíþjóð) fyrir brot gegn ávana- og fíkniefnalöggjöf. Einnig hefur hann fjórum sinnum sæst á sektir og sætt fjórum refsisdómum (þar af einum í Danmörku) fyrir annars konar brot.]

Ákærða var birt ákæruskjalið 15. apríl sl. og flutti skipaður verjandi munnlega vörn í málinu 9. júlí sl. og var málið tekið til dómsálagningar þann dag.

Verjandi ákærða gerði þær dómkröfur að ákærði hlyti vægustu refsingu, er lög frekast heimila, og að gæsluvarðhald ákærða kæmi til frádráttar dæmdri frelsisskerðingu ef dæmd verður. Þá var gerð krafa um að dæmd yrðu úr ríkissjóði málsvarnarlaun að mati réttarins.

### *Málsatvik.*

Við húsleit á heimili ákærða 26. nóvember 1986 fundust 163,5 grömm af amfetamíni.

Við yfirheyrslur hjá lögreglu 26., 27. og 30. s.m. lýsti ákærði kaupum sínum á 75 grömmum af amfetamíni af ónafngreindum aðila er ákærði kvaðst hafa hitt á nafngreindu veitingahúsi hér í borg. Þá lýsti ákærði blöndun efnisins, svo að úr varð um 150 grömm af amfetamíni að sögn ákærða.

Ákærði var yfirheyrður fyrir dómi 27. nóvember 1986 og bar þá á sama veg og rakið hefur verið. Ákærði kvaðst hafa blandað amfetamínið mjólkursykri, svo að úr hafi orðið nálægt 150 grömm af amfetamíni. Ákærði kvaðst hafa ráðgert að selja efnið með hagnaði.

Ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi 15. apríl sl. og viðurkenndi þá að hafa haft 163,5 grömm af amfetamíni í vörslum sínum á heimili sínu 26. nóvember 1986. Við nefnda yfirheyrslu kvaðst ákærði hafa ætlað efnið til eigin nota, og breytti ákærði fyrri framburði sínum á þann veg, að ákærði kvaðst, er lagt var hald á efnin, nýlega hafa verið kominn með efnin í hendur og á þeirri stundu ekki hafa tekið ákvörðun um dreifingu efnanna.

#### *Niðurstöður.*

Efni það, er lagt var hald á á heimili ákærða 26. nóvember 1986, var sent til greiningar á rannsóknastofu í lyfjafræði. Í niðurstöðu greiningarinnar, sem dagsett er 8. janúar 1987, segir: „Með tiltækum rannsóknaraðferðum mátti staðfesta, að amfetamínsúlfat væri í sýninu og koffeín. Magn amfetamínsúlfats var 52%, er jafngildir 38% af amfetamínbasa, og magn koffeíns 44%. Sýnið var þannig amfetamín samkvæmt framan-sögðu.“

Dóminum þykir ekki mark takandi á hinum breytta framburði ákærða, að ekki hafi verið ákveðið að selja efnin. Ákærði bar staðfastlega á annan veg um ofangreint atriði við frumrannsókn málsins, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi. Þykir einsýnt að svo mikið magn amfetamíns hafi ekki verið ætlað til eigin nota, og styrkir það upphaflegan framburð ákærða. Þá þykir sakaferill ákærða styrkja þá niðurstöðu, að efnið hafi verið ætlað til endursölu svo sem ákært er út af.

Með vísan til alls framanritaðs þykir sannað að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá er ákært er út af. Ákærði hafði þannig í vörslum sínum 26. nóvember 1986 á heimili sínu 163,5 grömm af amfetamíni, er lögregla gerði þar húsleit. Efnið hugðist ákærði selja í ágóðaskyni.

Ákærði hefur því unnið til refsingar.

Brot ákærða varða við 2. gr., sbr. 5. gr., laga um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75/1982, sbr. lög nr. 13/1985 og 2. gr., sbr. 10. gr., reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna, nr. 16/1986, sbr. reglugerð nr. 177/1986, sbr. auglýsingu nr. 84/1986.

Með hliðsjón af brotaferli ákærða, en ákærði hefur m.a. tvívegis verið dæmdur fyrir stórfelld fíkniefnabrot í Kaupmannahöfn og hér á landi, sbr. sakavottorð ákærða, er rakið var, verður refsing hans ákveðin fangelsi 20 mánuði.

Til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu og með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, komi fjórir dagar, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa.

Ákærði hugðist afla sér fjárvinnings með brotinu, sbr. 2. mgr. 49. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 101/1976, og er ákærða því gert með vísan til 50. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 42/1985, að greiða kr. 10.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi fangelsi í 5 daga í sektar stað, verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Upptæk skulu 163,5 grömm af amfetamíni, er lagt var hald á, en efnin eru nú í vörslum dómsins, merkt efnaskrá nr. 1719, og vísast til 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974 vegna upptökunnar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 15.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmans.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Franklín Kristinn Steiner, fæddur 14. febrúar 1947, sæti fangelsi tuttugu mánuði, og komi fjórir dagar, er ákærði sætti gæsluvarðhaldi, til frádráttar dæmdri fangelsisrefsingu.

Ákærði greiði kr. 10.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi fangelsi fimm daga í sektar stað, verði sektin ekki greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Upptæk skulu 163,5 grömm af amfetamíni, merkt efnaskrá nr. 1719, í vörslum dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 15.000,00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmans.